

Enskir merkismenn

Lundúnum, 9. júlí 1908.

Það er algeng skoðun, að ekkert sé auðveldara en að rita ferðapistla, en sú skoðun er röng, að minnsta kosti ef rithöf undur á í hlut. Sjáið Pingvallabréf Jónasar, eitthvert hið bezta ferðabréf, sem til er í nokkrum bókmennntum. Ég veit, að margir halda, að það sé til orðið eins og vanalegt sendibréf. En hvernig það skapast og skýrist í huga höfundarins sýna mjög greinilega frumdrættirnir að þessu bréfi, sem eitt af vorum yngstu og efnilegustu skáldum lét prenta í „Huginn“ í vetur. Þegar Jónas hripar fyrst niður bréfið, er hugur hans svo í uppnámi, að hann man ekki eftir því, að tvær eru kvarnirnar í þorskkindinni. Fróðlegt fyrir eftirtektarsaman lesanda. En ekki stoðar að halda áfram þessa leið.

Örðugleikinn á að rita ferðabréf er ekki sá, að ekki sé nóg til að rita, heldur hitt, að semja það, og að vera í því skapi, sem þarf til að skrifa það, sem menn séu ekki allt of ófúsir á að senda burt, einmitt þegar tóm er til að skrifa.

Ég hefi núna síðustu vikurnar átt tal við þrjá enska merkis-menn, jarðfræðinginn Sir Archibald Geikie, rithöfundinn H. G. Wells og Avebury lávarð. Við alla barst Ísland í tal, eins og gefur að skilja. Ætla ég ekki að segja neitt af viðræðu okkar Sir Archibalds, því hún snerist helzt að jarðfræði Íslands og svo enskum vísindum. Sýndi Sir Archibald mér húsakynni vísinda-félagsins (Royal Society) í Burlingtonhöllinni og ýmsa minja-gripi. Er nú eðlisfræðingurinn frægi, Rayligh lávarður, forseti félagsins, en Sir Archibald Geikie skrifari.

Fáa menn hefir mér þótt eins mikið varið í að hitta og H. G. Wells; langar mig til að segja um hann og verk hans meira en nokkur kostur er að rita nú. Herbert Wells var lærisveinn Hux-leys og tók kennarapróf í náttúrufræði með ágætiseinkunn, en gerðist síðan rithöfundur. Fyrstu rit hans voru þó kennslubæk-ur í náttúrufræði (líffræði, dýrafræði), sem mikið þótti til koma og oft hafa komið út, en síðar hefir hann ritað allmargar skáld-sögur, og þó einnig ýmsar „alvarlegar“ bækur, er allar lúta að

umbótum á mannfélaginu (*Anticipations; Mankind in the making; New worlds for old* (1908) o. fl.). Eru fáir rithöfundar jafningjar hans að orðsnilld og þekkingu, færri að djúpsýn og hugsjónaauð, en enginn hefir göfugra markmið.

Hr. Wells bauð mér að heimsækja sig, þar sem hann býr, á forkunnarfögrum stað suður við Ermarsund. Blasir við Fraklandsströnd, þegar bjart er veður, en fjölfarnasta skipaleið heims á milli. Fám dögum áður en mig bar að garði hjá hr. Wells, hafði hinn gamli völundur, Zeppelin greifi, farið flugferð þá hina miklu og furðulegu, sem ekki þarf að segja frá hér. Þótti Wells það miklum tíðindum sæta, sem von er. Spurði ég hann að gamni mínu, hvort hann héldi, að nokkurn tíma yrði talið hættulaust að ferðast með loftskipum, eða ekki hættulegra en nú á sjó t. a. m., og kvaðst hann ekki vita gjörla, en sagði síðan lágt, eins og hann væri að tala við sjálfan sig: eftir sjö ár. Er þetta skrýtið (hafi ég heyrт rétt, sem ég var þó ekki í neinum vafa um), því að nú eru einmitt sjö ár síðan út kom bók, þar sem hann segir fyrir um bifreiðarnar margt, sem nú er fram komið. En ekki er þó í bókum H. G. Wells um neina spádóma að ræða, heldur hitt, að hann skilur manna bezt, hvað er að gerast, og bendir á líkindi. Var ekki furða, þó að honum þætti þetta (sem ég minntist á) ekki ófróðleg tíðindi, því hann hefir nýlega lokið við sögu, er hann nefnir „The war in the air“, og lætur hann þar þýzkan loftskipaflota eyða með eldi og brennisteini af himnum ofan bryndrekaflota Bandaríkjanna, en síðan New York; lætur hann öld þessara miklu ferlíkjja, bryndrekanna, hafa staðið í 70 ár; þessu gamni fylgir mikil alvara. Englendingar eru nú að æfa fyrir austurströndum sínum þann mesta bryndrekaflota, sem nokkru sinni hefir á sjó komið, og leikurinn gerður, að því er ætlað er, eins og Þjóðverjar réðust á. En allt er það ónýtt, ef loftskip Zeppelins getur af sér loftherskip lík þeim, sem Wells segir frá í síðstu bók sinni.

Hr. Wells, og ekki síður frú hans, þótti fróðlegt að heyra, hversu langt kvenréttindamálið væri komið áleiðis á Íslandi. Sagði hann, þó í gamni væri, að þegar menning öll fer í kaldakol með stórbjóðunum, mundi Nýja-Sjáland og Ísland vera eins og nokkurs konar holt Hoddmímis, þar sem leynist líf og menning eftir ragnarökcur. (Þetta er auðvitað nokkuð laus þýðing

á því, sem hann sagði.) Annar gesturinn við borðið var nefnilega ung stúlka frá Nýja-Sjálundi, frábærlega lærð, þó að lítt sái það á henni. Hafði hún lesið ýmsar Íslendingasögur (í þyðingum eftir Morris og Eirík Magnússon), og létt mikið af. Lítt var Wells kunnugur Íslendingasögum, en kvaðst þurfa að kynna sér þær og hálflofaði að geta um þær í einhverju, sem hann ritaði, og nefna þær íslenzkar en ekki skandinaviskar, eins og ýmsir merkismenn hafa gert, sem á þær hafa minnt, til dæmis Herbert Spencer; er þar af oss haft, því að engum manni úti um lönd kemur til hugar Ísland, þó að Skandínavar séu nefndir.

Þá er að segja frá Avebury lávarði, er ég hitti síðastan þessara manna. Hann hét áður Sir John Lubbock. Er hann auðmaður mikill og stendur ríki hans víða fótum undir. Einn staðurinn, sem má skrifa hann á, er Lombard Street, „auðugasta gata í heimi“, og þarf þá ekki að segja meira. Hann er talinn einn af þeim mönnum, er bezt hafi með Bretum vit á bankamálum, enda sýnir auður hans, hve vel þau störf hafa látið honum. Hann hefir þótt atkvæðamaður í stjórnmálum og lengi átt sæti á þingi, áður en hann var gerður að lávarði. Hann er einn af mest lesnu rithöfundum hins enskumælandi heims; 200,000 ein-tök hafa selzt af bók hans „The pleasures of life“. Er þar í m. a. skrá yfir 100 þær bækur, er hann álítur sízt mega vera ólesnar af hverjum þeim, er vill mennta sig, og mun ég síðar minnast á skrá þessa. Hann hefir samið fræg rit um mannfræði, dýrafraði og jarðfræði. Með undrun virði ég fyrir mér þenna fjögra-maka, og þótti ekki leiðinlegt að sjá, hvað hann er Íslendingar-legur; þó að ekki verði sagt, að neinn Íslendingur sé honum líkur nú. En svona starfsþrótt hefir Snorri Sturluson haft, og ekki minna vit, en því sem nefnt er mannkosti ætla ég ekki að jafna saman; þar mun bezt að þegja um Snorra; vér búum að hans bezta.

Avebury lávarður sagði það, sem mönnum mun þykja því skemmtilegra að heyra, sem þeir vita betur, hver maðurinn er, – að hann teldi Íslendinga vera þá þjóð, sem líklega mundi einna bezt búin að mannviti, þegar gætt væri að ástæðum. Honum þótti það eftirtektarvert ágrip af sögu Íslands, sem feldist í þeim töldum, að á þjóðveldistímanum hefði fólkstala komið fram úr 100,000, á einveldis- og einokunartímanum niður í eða

niður úr 40,000, en færi nú aftur fram úr 80,000. Ég fór fram á það við lávarðinn, að hann tæki Heimskringlu eða Njálu upp í 100 beztu bóka skrá sína, næst þegar bókin, er ég nefndi, kæmi út; tók hann því vel, sagði, að Heimskringla væri óefað eitt að listaverkum heimsbókmenntanna (ónákvæm þýðing: „one of the classics of the world“) og kvaðst ætla að lesa hana aftur. Það var auðheyrt, að Njála var honum ókunnari, og hefir hann líklega ekki lesið hana, enda er enn þá örðugra að þýða hana án stórskemmda en Heimskringlu. Segi ég svo ekki meira af því tali.

Ég fór síðan að skoða lávarðana, sem, eins og kunnugt er, eru ágætir af ætt sinni og auð og stundum fleiru, eins og Avebury lávarður. Hinir göfugu lávarðar töluðu um hesta og var það ekki illa til fallið. Virti ég þá hábornu herra fyrir mér með engu minni áhuga en gíraffana áður í dýragarðinum, enda er sumt líkt með hvorum tveggju.

Ég skoðaði lávarðana skemur en skyldi, því að ég þurfti að fara norður að Krossi til að taka á móti glímumönnum okkar, en þeir komu nú raunar ekki í það skipti. Glímumennirnir æfðu sig hér á flötinni miklu í staðinn og vöktu talsverða eftirtekt þeirra íþróttamanna, er þar voru saman komnir. Þeir eiga að glíma á laugardaginn (11. júlí), ef veður leyfir. Því miður eru tveir þeirra (Pétur Sigfússon og Guðmundur Sigurjónsson) lasnir, og tvísýnt, hvort þeir geti tekið þátt í glímunni í það skipti.

4.

Á skipsfjöl

Fleira veit er fleira reynir. — Grettir.

Englandshafi, 5. október 1911.

Mig fór að dreyma illa. Mig dreymdi, að ég hefði verið að útskýra fyrir einum af góðri kunningjum mínum einhvern áriðandi þekkingarauka, sem ég hafði fundið, og að hann skildi ekkert í því, sem ég væri að segja. Og mig dreymdi enn þá verr.